

- lögð er á land til pökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e. Fyrir vatnsnotkun til bræðslu sildar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 15.00 fyrir hvert landað tonn.
 - f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
 - g. Vatnsnot til mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 25.00 á hverja 1000 lítra af innveginni mjólk.
 - h. Verð á vatni til skipa ákveður hafnarnefnd.
 - i. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts samkvæmt 7. og 8. gr. er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts, en gjalddagi vatnsskatts samkvæmt 10. gr. er í lok hvers mánaðar eða ársfjórðungs, eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

12. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddagann með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað nr. 170 27. nóvember 1958 með síðari viðaukum.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

Þegar Neskaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, sem þar eiga húseignir að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið, ásamt rigningavatni, ef hægt er að koma því við.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjóri eða bæjartæknifræðingur ákveða, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Neskaupstaður lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem gerðar eru eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa, sem lóð eiga að götu, en annars að efri brún gangstéttar.

Séu gerðir sérstakir holræsastofnar fyrir regnvatn, er húseigendum skylt að hafa sérstakt frárennsliskerfi fyrir regnvatn og tengja það við lóðarmörk sín samkvæmt nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings eða bæjarstjóra. Verði ágreiningur um túlkun þessarar greinar sker bæjarráð úr.

3. gr.

Bæjarstjóri og bæjartæknifræðingur, undir yfirstjórn bæjarráðs, fara með stjórn framkvæmdamála, er varða holræsakerfi bæjarins, svo og viðhald, viðauka og umsjón alla.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra bæjartæknifræðingi frá því og fá samþykki þar til. Skal hann leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafizt verður. Skylt er húseiganda að fara að fyrirmælum bæjartæknifræðings í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi hann eftirlit með því, að örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast þær kröfur, sem til slíks eru gerðar í byggingasamþykkt, en auk þess getur bygginganefnd sett reglur um holræsafni, t. d. ef um nýjungar á því sviði er að ræða. Bæjartæknifræðingar getur gert kröfur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda þar, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, oliur, kvikasilfur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði. Til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga að eða í námunda við götu, veg eða annað opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða árlegt holræsagjald 0.05% af fasteignamati húsa og lóða, þó ekki undir kr. 200.00 af einbýlishúsi, og af íbúðarhúsi með tveim íbúðum eða fleiri, skal lægsta gjald vera kr. 150.00 af íbúð. Gjöld þessi getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann einn ábyrgð á því gagnvart bæjarsjóði.

Kröfur, sem bæjarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í viðkomandi húseignum í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts.

8. gr.

Húseigendum ber að sjá um hreinsun á frárennslislögnum frá húsum sínum og gæta þess, að þær stiflist ekki.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að gin- og klaufaveiki hefur orðið vart í Bretlandi og nokkrum öðrum löndum á meginlandi Evrópu, vill ráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga nr. 11 1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt tédum lögum og auglýsingu þessari er bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum svo og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda hafi þær sannanlega verið sóttthreinsaðar erlendis, og einnig þegar þær koma hingað til lands.

Frá Bretlandseyjum er enn fremur bannaður innflutningur á fóðurvörum.

Farþegar og áhafnir farartækja skulu að viðlögðum drengskap gefa yfirlýsingu um dvöl sína erlendis, strax og þau koma til Íslands.

Brot á lögum nr. 11 1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. desember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Gunnl. E. Briem.

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, gert eftirfarandi breytingar á reglum um stöðumæla nr. 185/1966.

8. gr. orðist svo: „Skylt er að greiða fyrir afnot stöðumælareita. Gjaldskylda